HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 17. október 2026
*Mál nr. 2610057 U.V.H.*

**Efni:** Umsögn um loftslagslög, 202. mál.

Á 1295. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 19. október 2026 var umsagnarbeiðni um loftslagslög, 202. mál tekin til umfjöllunar. Svohljóðandi var bókað:

*Byggðarráð Húnaþings vestra leggur áherslu á að við setningu nýrra laga verði þess gætt að þær skyldur sem sveitarfélögum eru lagðar á herðar séu skýrar og raunhæfar og að þeim fylgi viðeigandi fjármögnun. Sveitarfélögum ber nú þegar samkvæmt gildandi lögum að setja sér loftslagsstefnu og vinna að markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Með fyrirliggjandi frumvarpi eru þær skyldur hins vegar útfærðar nánar og að hluta til auknar.*

*Í því sambandi bendir byggðarráð sérstaklega á ákvæði 8. gr. frumvarpsins þar sem meðal annars er kveðið á um greiningu á losun og kolefnisbindingu vegna landnotkunar, viðkvæmni- og áhættumat vegna loftslagsbreytinga, skilgreiningu aðlögunaraðgerða eftir þörfum og árlegt mat á árangri loftslagsstefnu.*

*Þessar auknu kröfur kunna að fela í sér viðbótar vinnu og aukinn kostnað fyrir sveitarfélög. Byggðarráð leggur því áherslu á að lagt verði mat á þann viðbótarkostnað og þau stjórnsýslulegu áhrif sem fyrirhugaðar breytingar kunna að hafa í för með sér og að tryggt verði að auknum lögbundnum skyldum fylgi viðeigandi fjármögnun og faglegur stuðningur.*

*Ráðið telur jafnframt mikilvægt að forðast óþarfa stjórnsýslubyrði og tryggja að sveitarfélög geti eftir því sem kostur er nýtt fyrirliggjandi gögn, sameiginlegar lausnir og núverandi áætlanagerð til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögunum.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.